



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 30/2014

Ákvörðun um sektir vegna villandi merkinga á vörum NORWEAR

I.

Málsmeðferð

1.

Með ákvörðun Neytendastofu [nr. 18/2013](#) *Merkingar á vörum frá ICEWEAR og NORWEAR* komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að Drífa ehf. hafi brotið gegn ákvæðum 5. gr., b. liðar 1. mgr. 9. gr., 2. mgr. 9. gr. og 14. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, með villandi merkingum á vörunum. Í ákvörðuninni var um það fjallað að á bakhlíð merkimiða þeirra vara sem málið snéri að væri strikamerki vörunnar, tilvísun á vefsíðuna [norwear.com](#) ásamt mynd af íslenska fánanum og þar við hlið upplýsingar um Drífu ehf., heimilisfang, símanúmer og veffang. Hvorki á merkimiðanum né með nokkrum öðrum hætti á vörunum sjálfum væri að finna upplýsingar um framleiðslu vörunnar. Vörunnar væru framleiddar erlendis og ekki unnar úr íslenskri afurð. Neytendastofa taldi merkingar gefa ranglega til kynna að um íslenska vöru og íslenska framleiðslu væri að ræða og því væri um að ræða villandi merkingar sem væru til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn.

Ákvörðunarorð ákvörðunar nr. 18/2013 eru svohljóðandi:

„Drífa ehf., Suðurhrauni 12c, Garðabæ, hefur með merkingum sem gefa til kynna að ullarvörur sem fyrirtækið selur séu íslenskar og framleiddar úr íslenskri afurð, brotið gegn ákvæðum 5. gr., b. lið 1. mgr. 9. gr., 2. mgr. 9. gr. og 14. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Drífu ehf. bönnuð notkun merkinganna án þess að uppruni vörunnar komi skýrlega fram.

Bannið tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar. Í banninu felst ekki innköllun þegar dreifðra vara. Verði ekki farið að banninu má búast við að tekin verði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.“



2.

Með bréfi Neytendastofu til Drífu, dags. 21. nóvember 2013, óskaði stofnunin eftir upplýsingum um það til hvaða aðgerða félagið hafi gripið til þess að fara að ákvörðun stofnunarinnar.

Í skýringum Drífu, sem dags. eru 2. desember 2013, sagði að félagið hafi nýlega tekið í notkun nýtt vörumerki ICEWEAR sem fram kæmi á vörunum í stað íslenska fánans. Hið nýja vörumerki hafi verið límt yfir þær merkingar sem þegar hafi verið búið að prenta.

Í bréfi Neytendastofu, dags. 25. febrúar 2014, kom fram sú afstaða stofnunarinnar að hún teldi þær ráðstafanir félagsins að líma vörumerki þess yfir íslenska fánann ekki fullnægjandi til þess að farið væri að ákvörðun stofnunarinnar.

Í kjölfar bréfs Drífu, dags. 28. mars 2014, um að félagið hygðist auk þess bæta við upplýsingum á merkingar sínar um að varan væri „*Designed in Iceland*“ tók Neytendastofa, þann 16. maí 2014, ákvörðun um að aðhafast ekki frekar í málinu. Í ljósi þess að í ákvörðun Neytendastofu nr. 18/2013 fólst ekki innköllun þegar dreifðra vara og að teknu tilliti til þess að Drífa hafði strax gert breytingar á merkingum sínum, þ.e. að vörumerki ICEWEAR hafi verið límt yfir íslenska fánann, taldi Neytendastofa ekki ástæðu til að leggja stjórnvaldsekt á félagið eða beita öðrum stjórnvaldsúrræðum sem henni væru falin.

3.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 4. júlí 2014, óskaði stofnunin enn skýringa Drífu þar sem stofnuninni höfðu borist ábendingar um, sem voru staðfestar við eftirlit starfsmanna Neytendastofu, að vörur NORWEAR væri enn merktar með þeim hætti sem ákvörðun Neytendastofu nr. 18/2013 snéri að og félagið hafði gefið stofnunni skýringar um að hætt væri notkun á.

Í svari Drífu, dags. 7. júlí 2014, var stofnuninni gerð grein fyrir því að félagið hafi farið yfir allar vörur sem enn hafi verið með eldri merkingar og lagfært þær með því að líma myndmerki ICEWEAR yfir íslenska fánann. Þá hafi Drífa nú bætt við „*Deseigned in Iceland*“ á allar nýjar pantanir félagsins. Þau mannlegu mistök hafi verið gerð nýlega á lager Drífu að eldri merkingar hafi verið settar á nýjar vörur. Félagið harmi mistökin og hafi þegar gert ráðstafanir til þess að skipta merkingunum út hið fyrsta.

Drífu var tilkynnt um að gagnaöflun málsins væri lokið og að tekin yrði ákvörðun um hvort lagðar yrðu sektir á félagið fyrir brot gegn ákvörðun stofnunarinnar, með bréfi Neytendastofu dags. 8. júlí 2014.



II.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu liggur fyrir að Drífa ehf. hefur brotið gegn banni Neytendastofu samkvæmt ákvörðun 18/2013 um notkun merkinga sem gefa til kynna að um íslenska vöru sé að ræða sem framleidd sé úr íslenskri afurð, án þess að uppruni vörunnar komi skýrlega fram. Ákvörðun Neytendastofu snéri að vörum Drífu sem merktar eru vörumerkjunum ICEWEAR og NORWEAR.

Í kjölfar ákvörðunarinnar greip Drífa til þeirra aðgerða að líma vörumerki ICEWEAR yfir íslenskan fána á merkimiðunum. Neytendastofa taldi þær ráðstafanir ekki fullnægjandi og enn væri gefið til kynna með villandi hætti að um íslenska vöru væri að ræða sem framleidd væri úr íslenskri afurð. Í ljósi meðalhófsreglu stjórnsluréttarins taldi stofnunin ekki ástæðu til að leggja stjórnvaldssektir á félagið þar sem það hafi strax gripið til aðgerða auk þess sem gerðar yrðu enn frekari breytingar á merkingunum í kjölfar athugasemda Neytendastofu, þannig að fram kæmi að vörunnar væru „*Designed in Iceland*“.

Nú liggur fyrir að Drífa hefur enn brotið gegn ákvörðun stofnunarinnar þar sem vörur merktar vörumerkinu NORWEAR bera enn hinar bönnuðu merkingar án nokkurra breytinga.

2.

Samkvæmt ákvæði a. liðar 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum laganna og reglum settum samkvæmt þeim, sbr. II. – V. kafla laganna. Þá getur stofnunin lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn stjórnvaldsreglum og ákvörðunum Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II. – V. kafla laganna, skv. b. lið 1. mgr. 22. gr.

Með ákvörðun Neytendastofu nr. 18/2013 komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að Drífa hafi brotið gegn ákvæðum 5. gr., b. liðar 1. mgr. 9. gr., 2. mgr. 9. gr. og 14. gr. laga nr. 57/2005. Ákvæði 5. gr. er í II. kafla laganna, ákvæði 9. gr. eru í III. þeirra og ákvæði 14. gr. er í V. kafla. Á grundvelli a. og b. liða 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa því lagt stjórnvaldssekt á Drífu fyrir brot geng ákvörðun stofnunarinnar nr. 18/2013.

Neytendastofa taldi ekki ástæðu til að leggja stjórnvaldssekt á félagið þegar ákvörðun nr. 18/2013 var tekin auk þess sem stofnunin taldi aðgerðir félagsins í kjölfar ákvörðunarinnar þess eðlis að með tilliti til meðalhófsreglu stjórnslulaga væri ekki ástæða til álagningu stjórnvaldssekta þó ekki hafi verið farið að ákvörðun stofnunarinnar.

Í ljósi þess að Drífa hefur enn á ný brotið gegn ákvörðun stofnunarinnar og ekki hefur verið farið eftir þeim breytingum sem félagið tilkynnti Neytendastofu um að gerðar yrðu á



merkingum varanna telur Neytendastofa nú nauðsynlegt að beita þeim úrræðum sem henni eru veitt heimild með í 22. gr. laga nr. 57/2005 og leggja stjórnvaldssekt á félagið.

Að teknu tilliti til umfangs brotsins og með hliðsjón af meðalhófs- og jafnræðisreglu stjórnsýslulaga, þar sem lítið er til sektarfjárhæða í sambærilegum málum Neytendastofu, telur stofnunin hæfilegt að leggja á Drífu stjórnvaldssekt að fjárhæð 1.000.000. kr. (einmilljónkróna). Sektina skal greiða í ríkissjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar þessarar.

III.

Ákvörðunarorð:

„Drífa ehf., Suðurhrauni 12c, Garðabæ, hefur með merkingum á vörum NORWEAR brotið gegn ákvörðun Neytendastofu nr. 18/2013.

Með heimild í a. og b. liðum 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Drífu ehf. að fjárhæð 1.000.000 kr. (einmilljónkróna). Sektina skal greiða í ríkissjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar.“

Neytendastofa, 23. júlí 2014

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Pórunn Anna Árnadóttir